

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 21

Dags: 08.10.2024 kl. 18:00

Fundur númer: 218

Mætt: Ágústa (stjórnarmeðlimur), Benjamin (framkvæmdastjóri), Emil (varamaður), Hilmar (formaður), Jóhann (varamaður), Marinó (stjórnarmeðlimur), Þorgerður (stjórnarmeðlimur) og Sara (rekstrarstjóri)

Dagskrá

1. Yfirferð ársreiknings.
2. Umræða um árshátíð
3. Málstofa sbr. umræða á aðalfundi.
4. Önnur mál

Yfirferð fundar

1. Yfirferð ársreiknings
 - a. Rekstur gengur sinn vanagang
 - b. Stutt yfirferð yfir helstu liði
 - i. Hefðbundnir rekstarliðir, ekkert óeðliegt.
2. Umræða um árshátíð
 - a. Viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu KFR.
 - i. Verðlaunagripur sem viðurkenning fyrir vel unnin störf.
 - ii. Einskonar heiðursviðurkenning
 - b. 16 ára velkomin fyrrihluta kvölds, í fylgd með foreldrum eða forráðarmönnum. Meðal annars að í ljósi þess að um sé að ræða árshátíð íþróttafélags er mikilvægt að fylgjast með því að aðilar yngri en 20 ára séu ekki að neyta áfengis.
3. Málstofa.
 - a. 21. okt. málstofan haldin í Ármúla 21 þar sem tekin verða fyrir valin umræðuefni þar sem gestir geta komið að spurningum og tekið þátt í málefnalegri umræðu.
 - i. Hugmyndir að umræðuefnum.
 1. Aðbúnaður og húsnæði – hvernig er hægt að vinna með þá aðstöðu sem við erum með núna (hvernig er skiptingin í Á21 og Á23 að virka?) og hver er framtíðarsýn ?

2. Leiðasetning – Hlutfall erfiðleikagráðna, hvar á áherslan að vera? Líftími leiða – hve lengi eigum við að hafa þær uppi og hve reglulega ættum við að vera skipta út ?
 3. Markhópar og hagsmunir hvers hóps fyrir sig, byrjendur, afrekshópar, aðrir reyndir klifrarar. Erum við að sinna þessum mismunandi hópum nægilega vel, hvað er vel gert og hvað mætti betur fara ?
 - ii. Nánari útfærsla ákveðin síðar, m.a. m.t.t. mætingu.
4. Önnur mál.
- a. „Spray-jam“ einu sinni í mánuði, fyrst fimmtudaginn 24. október, fyrir árshátíð, kl. 20.
 - i. Þorgerður talar við Elísabetu um að auglýsa, Jói talar við Alex um að skipuleggja
 - b. Umræða um húsnæðismál
 - i. Toppstöðin
 1. Hilmar greinir frá tilboði Klifurfélags Reykjavíkur sem bauð hæst, lánamál rædd nánar. Svör hafa ekki borist í tölvupósti nú 2 vikum síðar en grunur um jákvæð viðbrögð fyrir starfsemi eins og okkar inn í Toppstöðina.
 - ii. Kassagerðin
 1. Hilmar fékk ábendingu um húsnæði sem gæti hugsanlega hentað okkar starfsemi. Um er að ræða húsnæði Kassagerðarinnar

Fundi slitið: 19:40

Fundarritari: Marinó